

Stjórnarfundur 27 dags. 14.05 ár 2014 , kl. 08.15

Mætt:

Vala Garðarsdóttir  
Kristín Hermannsdóttir  
Árdís Erna Halldórsdóttir  
Ragnhildur Jónsdóttir  
Tinna Björk Arnardóttir  
Nina Sibyl Birgisdóttir

Forföll boðuðu:

Eyjólfur Guðmundsson  
Fanney Björg Sveinsdóttir (Fæðingarorlof)


Fundarstjóri: Vala Garðarsdóttir  
Fundarritari: Vala Garðardóttir

Dagskrá:

1. Komandi ársfundur og samþykktir þar af lútandi
2. Bréf Háskólafélags Suðurlands og Fræðslunets til MMH
3. „Prófíll“ Nýheima og þeirra stofnana sem eiga hlut að. Mikilvægt að koma þessu af stað
4. Verkefnastjóri Nýheima- Starfslýsing
5. Kynning á Nýheimum fyrir frambjóðendafund, fimmtudaginn 15.maí
6. Önnur mál (Vala með beiðni)

Fundargerð

1. Ragnhildur fór yfir komandi ársfund. Samkvæmt reglum er löglega boðaður fundur með viku fyrirvara. Ákveðið er að ársfundur Þekkingarseturs Nýheima verði miðvikudaginn 28.maí í Nýheimum kl. 15.00. Farið var yfir samþykktir og samning við ráðuneytið.
2. Ákveðið er að stjórn Nýheima sendi stjórnunum fræðslunets og háskólafélags Suðurlands ályktun þess efnis að bréf þeirra dagsett 10. mars 2014 og kynnt var á fundi í Nýheimum 8. maí sama ár til menntamálaráðherra sé ekki í samræmi við stefnu né hugmyndafræði Þekkingarsetursins Nýheima. Leggur stjórnin til að frekar verði lögð áhersla á þrýsting til



# NÝHEIMAR

## ÞEKKINGARSETUR

menntamálaráðuneytisins að jafnræðis verði gætt við úthlutun fjármagns til framhaldsfræðslu og háskólastarfs á landinu.

3. Rætt var um að hver stofnun innan Nýheima skili „prófil“ til nýs framkvæmdastjóra eigi síðar en 20. ágúst 2014. Ákveðið að fá kynningu á Horizon 20/20 frá RANNÍS eftir 9. september 2014.
4. Farið var yfir starfslýsingu verkefnastjóra Nýheima og breytingartillögur formanns samþykktar.
5. Farið var yfir launaútreikninga og ráðningasamning verkefnastjóra Nýheima og þeir samþykktir.
6. Rætt var um væntanlega heimsókn frambjóðenda til sveitastjórnakosninga í hádeginu 15. maí n.k.. Stjórn Nýheima telur mjög mikilvægt að frambjóðendur geri sér grein fyrir mikilvægi Nýheima í samfélaginu og þau verkefni sem unnið er að í nútíð og framtíð.
7. Önnur mál: Aukafundur með Davíð A. Stefánssyni miðvikudaginn 14. maí kl: 14.00.

Fundi slitið kl: 10.05